

6. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 18. mars í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 12:00.

Í fjarfundakerfinu ZOOM eru Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt og Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Snær Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

2. Sveitarstjórnarkosningar

Minnisblað um mögulega frestun sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi lagt fram.

Með vísan til þess að heilbrigðisráðherra hefur á grundvelli sóttvarnalaga takmarkað samkomur tímabundið í fjórar vikur til að hægja á útbreiðslu COVID-19 leggur Undirbúningsstjórn sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar til við sveitarstjórnirnar og samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra að sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara 18. apríl næstkomandi verði frestað.

Við undirbúning málsins var leitað álits Ríkislögreglustjóra og Sóttvarnalæknis og átt samráð við Almannaþingarnefnd Austurlands, Sýslumannsembættið á Austurlandi, yfirkjörstjórn, oddvita þeirra framboða sem fram eru komin, samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið og dómsmálaráðuneytið.

Ráðleggingar Sóttvarnalæknis og Ríkislögreglustjóra eru að fresta fyrirhuguðum sveitarstjórnarkosningum á Austurlandi vegna COVID-19 faraldurs. Enginn þeirra aðila sem samráð var haft við leggst gegn því að fresta kosningunum.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 12:55.